

Re: Heimastjórn Seyðisfjarðar - 25 : 202207121 - Íslensk Orkuvirkjun - ástand lagna

Til : gummi@mbe.is <gummi@mbe.is>
Frá : Aðalheiður Borgþórsdóttir
CC : 'Thorlakur Traustason' <laki@mbe.is>; 'Vilhjaálmur Þ Ólafsson' <villo4u@simnet.is>; 'Jón Egill Sveinsson' <jes@sveinssel.is>
Heiti : Re: Heimastjórn Seyðisfjarðar - 25 : 202207121 - Íslensk Orkuvirkjun - ástand lagna
Málsnúmer : 202207121
Málsaðili : Múlaþing
Skráð dags : 23.08.2022 08:30:45
Höfundur : Aðalheiður Borgþórsdóttir

Viðhengi image001.png [image001.png](#)

Takk kærlega fyrir greinagott svar. Ég heyrir í þér þegar ég kem úr fríi.

Heimastjórn fundar næst 8. sept, verður þú í bænum þann dag ef þau myndu vilja fá þig inná fundinn?

Kveðja

Alla

Get [Outlook for iOS](#)

From: gummi@mbe.is
Sent: Monday, August 22, 2022 2:47:37 PM
To: Aðalheiður Borgþórsdóttir
Cc: 'Thorlakur Traustason' ; 'Vilhjaálmur Þ Ólafsson' ; 'Jón Egill Sveinsson'
Subject: RE: Heimastjórn Seyðisfjarðar - 25 : 202207121 - Íslensk Orkuvirkjun - ástand lagna

Sæl Aðalheiður og afsakaðu sein svör.
Var að koma úr sumarfríi í dag.

Eins og ykkur er kunnugt um hefur fallpípa Bjólfsvirkjunar (neðri virkjunin) gefið sig í þrígang á rúmu ári. Við fengum því sérfræðing frá Flowtide í Noregi sem er pípuframleiðandinn til þess að koma til Íslands. Í framhaldi vöru bútar af bæði röri og múffum sendar til Noregs til rannsóknar. Niðurstaða þeirrar rannsóknar liggur ekki enn fyrir.

Hvort um sé að kenna tjóni sem varð á pípunni í janúar 2009 eða hvort um hönnunargalla sé að ræða skal ósagt látið.

Okkur hjá Íslenskir Orkuvirkjun Seyðisfirði þykir hinsvegar ljóst að múffur á núverandi pípu séu að gefa sig og við það verður ekki búið.

Við höfum því tekið ákvörðun um að skipta um allan neðasta hluta fallpípunar í hæðsta þrýstiflokki, bæði pípur og múffur.

Í heildina eru það rúmir 500 metrar. Búið er að ganga frá pöntun á þeim rörum og framleiðslu er lokið. Þau leggja af stað til Íslands á morgun en við gerum ráð fyrir því að þau verði á Seyðisfirði í lok september.

Við höfum ráðið Jón Egil Sveinsson til þess að vera tæknilegur ráðgjafi okkar í þessari framkvæmd og annast eftirlit.

Hann þekkir vel virkjunina og var með eftirlit fyrir hönd Verkís við byggingu virkjunarinnar 2008 og 2009. Einnig hefur hann gert úttektir og aðstoðað okkur við fyrri pípurof.

Einnig höfum við fengið til verksins fyrirtækið GV gröfur til þess að leggja pípunna. Þeir hafa komið að lögn á

fallþípum í flestum nýjustu smávirkjunum landsins, nú síðast á Vopnafirði.
Sérfræðingur frá pípuframleiðanda kemur til landsins í lok september til þess að tryggja að rörin séu lögð skv. kröfum framleiðanda, sérstaklega hvað varðar efnisgæði og þjöppun með pípu.
Það verður því vandað til þessa verks eins vel og hægt er til þess að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig.

Ég verð eitthvað fyrir austan núna þegar við erum að undirbúa þessa framkvæmd.
Sé þess óskað get ég mætt á fund heimasjórnar til þess að fara yfir málið.

Við munum nú þegar framkvæmdartími og verkáætlun liggur betur fyrir vera í sambandi við byggingarfulltrúa til þess að kynna framkvæmdina og það rask sem hún veldur á framkvæmdartíma.
Við erum að gera ráð fyrir því að virkjunin verði komin í gang þegar líða tekur á október.

Vona að þetta svari þeim spurningum sem heimastjórn hefur um málið. Annars má líka hringja í mig hvenær sem er í síma 899-6926.

F.h. Íslenskrar Orkuvirkjunar Seyðisfirði
Með kveðju,

Gummi

Guðmundur Ingi Jónsson

Kjölur fjárfestingarfélag ehf.

- Íslensk Orkuvirkjun Seyðisfirði ehf.
- Kjölur fasteignir ehf.
- Miðbæjareignir ehf.
- Gagnavarslan ehf.
- HOOS 1 ehf.
- Suðurorka ehf.
- Íslandsapótek ehf.
- Varpland ehf.
- Exim ehf.
- MBE2 ehf.
- GJ Invest ehf.
- MýrInVest ehf.

Lágmúla 5, 7. hæð
108 Reykjavík
Gsm: +354-8996926
gummi@mbe.is

From: Aðalheiður Borgþórsdóttir

Sent: 12 August 2022 11:35

To: gummi@mbe.is

Subject: Heimastjórn Seyðisfjarðar - 25 : 202207121 - Íslensk Orkuvirkjun - ástand lagna

Góðan daginn

Á 25. fundi heimastjórnar Seyðisfjarðar þann 4. ágúst síðast liðinn var eftirfarandi fært til bókar.

202207121 - Íslensk Orkuvirkjun - ástand lagna

Til umræðu eru þau tíðu rof vatnslagna hjá ÍOVS sem hafa átt sér stað að undanfögnu.

Heimastjórn óskar eftir því að ÍOVS geri grein fyrir stöðu mála og láti gera úttekt á lögnum virkjunarinnar og kynni þær fyrir heimastjórn.

Starfsmanni falið að koma á samtali milli ÍOVS og heimastjórnar.

Samþykkt samhljóma með handauppréttingu.

Þetta tilkynnist hér með

Í umboði formanns

Aðalheiður

.....
Aðalheiður Borgþórsdóttir

Atvinnu- og menningarstjóri Múlaþings

Fulltrúi sveitarstjóra á Seyðisfirði

Hafnargata 44, 710 Seyðisfjörður

adalheidur.borgthorsdottir@mulathing.is

www.mulathing.is

